

**Ed.**

**295. Nefndarálit**

**[2. mál]**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á sildarbræðsluskipi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar um að leggja til, að frv. þetta yrði samþykkt, af eftirfarandi ástæðum.

Þegar frv. til laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl. var til umræðu á síðasta Alþingi, þar sem gerðar voru ýmsar ráðstafanir til sparnaðar á útgjöldum ríkissjóðs, með frestun á framkvæmdum gildandi laga, var jafnframt borin fram og samþykkt till. um að heimila ríkisstjórninni að leggja fram úr ríkissjóði 1250 þús. krónur sem hlutafé í Hæring h/f, Reykjavík, til kaupa og rekstrar sildarbræðsluskip. Áður en þessi heimild var veitt, var upplýst, að kaupa ætti skip, sem var 45 ára gamalt og hafði verið smíðað á sínum tíma sem fljótaskip. Ég greiddi þá atkvæði á móti þessu fjárframlagi, vegna þess að ég taldi þá og tel enn, að slíkt skip eigi ekki að kaupa inn í landið og allra sízt í sambandi við þá merku tilraun, sem hér var verið að gera á sviði atvinnu- og framleiðslumála, sem ég að öðru leyti var fylgjandi, að gerð yrði. Ef svo kynni að fara, að tilraunin næði ekki þeim árangri, sem stefnt var að og rétt og nauðsynlegt þætti fyrr eða síðar, að taka allar verksmiðjuvélar úr skipinu og koma þeim fyrir á ný í verksmiðju á landi, og sjálf-sagt var að gera ráð fyrir því í upphafi, mátti engan veginn kaupa skip af þeirri tegund og af þeim aldri sem hér var gert. Skip þetta getur aldrei orðið samkeppnisfært sem flutningaskip, ef til þess kæmi, að taka yrði úr því verksmiðjuvélar, né orðið söluhæft úr landi nema sem brotajárn. Það er ekki heldur sem verksmiðju-skip haffært landa á milli í hvaða veðri sem er eða á hvaða tíma ársins, sem það kynni að þurfa að fara yfir hafið, en slíkar ferðir eru óhjákvæmilegar til þess að hreinsa það og mála og framkvæma nauðsynlegar skoðanir á botni þess að minnsta kosti einu sinni á ári. Auk þess var vitað, þegar skipið var keypt, að lög um eftir-lit með skipum frá 5. júní 1947 mæla svo fyrir, að á engu skipi megi leyfa innflutning, sem eldra sé en 12 ára, enda hafi þá skipaskoðunarstjóri mælt með innflutningi, að fengnum tilskildum gögnum, svo sem lýsingu á skipinu, skoðunarskýrslum o. fl.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli laga leyfir fjárhagsráð og viðskiptanefnd innflutning skipsins með leyfum, sem út voru gefin í marz 1948, eða 4 mánuðum áður en bráðabirgðalögin, sem hér er leitað staðfestingar á, voru gefin út. Mér dettur ekki í hug að ætla, að ríkisstjórnin og gjaldeyrisyfirvöldin í heild hafi litið svo á, að verið væri að gefa út slíkt leyfi í fullkomnu heimildarleysi og án stoðar í lögum, heldur að þetta hafi verið talið allt leyfilegt samkvæmt því valdi, sem fjárhagsráði er veitt með lögum nr. 70 frá 1947, en sé svo, var engin ástæða til þess að gefa út bráðabirgðalögin, sem hér um ræðir, og þá heldur engin ástæða til þess að samþykkja þau nú. Hafi hins vegar fjárhagsráð og viðskiptanefnd gefið leyfið út í heimildarleysi, sé ég ekki ástæðu til þess að leggja til, að Alþingi taki á sig ábyrgð, sem af þeim mistökum kann að hljóta.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 27. janúar 1949.

Gísli Jónsson,  
form.